



Atvinnuveganefnd Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur, ritara
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29.09.2016
Tilvísun vor: 134-2016 / 00.12

Efni: Staða Landsvirkjunar í ljósi úrskurða um stöðvun framkvæmda við línulögn Landsnets hf. vegna Þeistareykjavirkjunar

I.

Í kjölfar bráðabirgðaúrskurða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála („ÚUA“) nr. 46/2016, 54/2016, 95/2016 og 96/2016 um stöðvun framkvæmda við línulögn Landsnets hf. („Landsnet“) vegna Þeistareykjavirkjunar óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir upplýsingum um skaðabótaákvæði í samningum Landsvirkjunar.

Hér að neðan er að finna samantekt yfir þær upplýsingar sem óskað er eftir. Sérstaklega skal þó tekið fram að umrædd samantekt er ekki tæmandi þar sem álitæfni eru mörg auk þess sem Landsvirkjun er bundin trúnaði í tilteknum samningum.

Þeir samningar sem hér um ræðir eru annars vegar rafmagnssamningur Landsvirkjunar við fyrirtækið PCC BakkiSilicon hf. („PCC“) og hins vegar tengisamningur sem í gildi er á milli Landsvirkjunar og Landsnets. Helstu álitæfni snúa að því hvort Landsvirkjun eigi hugsanlega rétt til bóta komi til þess að tafir verði á tengingu Þeistareykjavirkjunar við meginflutningskerfi Landsnets og/eða tengingu Þeistareykjavirkjunar við PCC.

Ljóst er að þrír af fjórum ofangreindum úrskurðum ÚUA um stöðvun framkvæmda við Kröflulínu að hluta og Þeistareykjalínu koma mjög líklega til með að seinka tengingu Þeistareykjavirkjunar við flutningskerfið og þar með PCC ef ekki verður á því breyting fljótlega. Telja verður miklar líkur á því, að öllu óbreyttu, að seinkunin verði slík að hún hafi þau áhrif að ekki verði unnt að afhenda rafmagn á réttum tíma til PCC. Komi til slíkrar seinkunar og þar með seinkunar á afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun til PCC er ljóst að Landsvirkjun verður fyrir umtalsverðu tekjutjóni og þar með fjárhagslegu framtíðartjóni.

II.

Landsvirkjun og PCC undirrituðu rafmagnssamning þann 27. mars 2015. Í samningnum er gert ráð fyrir að rafmagn skuli afhent inn á flutningskerfi Landsnets þar sem innmötunarstaðir (e. „Points of Infeed“) eru, en það eru þeir tengistaðir þar sem Landsnet móttekur rafmagnið frá virkjunum Landsvirkjunar. Landsvirkjun ber ábyrgð á afhendingu rafmagnsins að innmötunarstöðum en þar flyst ábyrgð á rafmagninu yfir á Landsnet. Kaupandi rafmagnsins, PCC í þessu tilviki, gerir svo flutningssamning við Landsnet um afhendingu rafmagnsins til verksmiðjunnar, en slíkur samningur hefur verið undirritaður án aðkomu Landsvirkjunar.

Í rafmagnssamningnum er sérstaklega fjallað um tafir á afhendingu sem rekja má til Landsnets. Þar kemur fram að tafir á afhendingu og/eða móttöku rafmagnsins sem kunna



að verða vegna þess að flutningskerfi Landsnets verður ekki tilbúið leiða til þess að föstum afhendingardegi skuli frestað þangað til flutningskerfi Landsnets er tilbúið til að taka á móti/afhenda rafmagnið. Við þær aðstæður á hvorugur samningsaðila nokkra kröfu á hendur hinum. Í þessu felst að hvorki stofnast til bótaskyldu af hálfu Landsvirkjunar né PCC ef tafir verða á afhendingu rafmagnsins sem rekja má til flutningsvandræða hjá Landsneti. Við þessar aðstæður er hins vegar ljóst að Landsvirkjun getur orðið fyrir verulegu tekjutapi og fjárhagstjóni. Hvort Landsvirkjun eða PCC geti við slíkar aðstæður átt bótakröfu á hendur Landsneti ræðst af þeim samningum sem þau hafa gert við Landsnet, þ.e. annars vegar tengisamningur Landsvirkjunar og Landsnets og hins vegar flutningssamningur PCC og Landnets.

III.

Landsnet annast flutning raforku og kerfisstjórnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerðar nr. 1040/2005. Með reglugerð nr. 513/2003 er hlutverk kerfisstjóra í raforku-kerfinu skýrt nánar. Samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga felst m.a. í rekstri flutningskerfis að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1040/2005.

Landsvirkjun og Landsnet gerðu með sér samning vegna tengingar við flutningskerfi Landsnets þann 14. janúar 2005 (grunnsamningur) og hafa verið gerðir fjórir viðbótarsamningar við upphaflega tengisamninginn. Í þriðja viðbótarsamningi við tengisamning, dags. 4. júní 2015, kemur fram að Landsnet muni tengja vinnslueiningar Landsvirkjunar, sem tilgreindar eru í viðauka D, en þar er Þeistareykjum bætt við sem nýjum afhendingarstað. Í þriðja viðaukasamningnum við tengisamninginn segir að gert sé ráð fyrir því að tenging vélar vegna prófana verði allt að 4 mánuðum fyrir fastan afhendingardag sem er 1. október 2017, en þá er gert ráð fyrir því að Þeistareykjavirkjun verði komin í fullan rekstur.

Í samningnum er fjallað um ýmis tilvik, svo sem brot á samningnum, lögum og reglum, vanefndir á skyldum aðila, afhendingarrof, óviðráðanleg öfl (Force Majeure), skaðabótaskyldu, bætur og fleira. Þá er vísað til skilmála Landsnets sem einnig ber að hafa í huga.

Í a. lið greinar 3.3. skilmála Landsnets segir m.a. að Landsneti beri að tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði og greiði tengigjald. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga og því er skylda Landsnets hvað þetta varðar skýr. Í 9. gr. skilmálanna er fjallað um ábyrgð. Fram kemur þó að brjóti Landsnet eða viðskiptavinur þess ákvæði skilmála eða samninga setta á grundvelli þeirra, sem leiðir til tjóns fyrir gagnaðilann, á tjónþolinn rétt á afslætti og/eða skaðabótum út hendi tjónþola eins og nánar er fjallað um í greininni. Heimilt er að rifta samningi ef um verulega vanefnd er að ræða. Þá kemur fram að ábyrgð aðila (Landsnets) er takmörkuð við beint tjón. Afleidd tjón eru undanskilin svo sem hagnaðarmissir eða hindrun á því að fullnægja skyldu við þriðja aðila, nema að slíkt tjón sé afleiðing ásetningsbrots. Loks er bótaábyrgð takmörkuð fyrir hvert einstakt tilvik.

Ef til þess kemur að Landsnet getur ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart Landsvirkjun á grundvelli tengisamningsins ber fyrst að horfa til ákvæða tengisamningsins og þeirra skilmála sem um hann gilda, einkum hvað varðar ábyrgð og bótaskyldu aðila. Á þessari stundu er ekki unnt að fjalla nánar um beint tjón Landsvirkjunar vegna hugsanlegra flutningstafa Landsnets og hverjar kröfur Landsvirkjunar yrðu við þær aðstæður í því efni.



IV.

Samandregið eru helstu niðurstöður þessar:

- Með vísan til fyrirliggjandi úrskurða ÚUA má reikna með, að öllu óbreyttu, að verulegar tafir geti orðið á uppbyggingu flutningskerfisins á Þeistareykjum og afhendingu raforku til PCC. Slíkar tafir valda að öllum líkindum umtalsverðum töfum á afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun til PCC. Við þær aðstæður verður Landsvirkjun fyrir umtalsverðu fjárhagslegu tekjutjóni.
- Landsvirkjun og PCC geta ekki krafist bóta úr hendi hvors annars vegna tafa sem rekja má til uppbyggingar flutningskerfis Landsnets.
- Komi til tafa af hálfu Landsets við uppbyggingu flutningskerfisins og flutnings rafmagns til PCC er viðbúið að upp komi ýmiskonar lögfræðileg álitafni um túlkun og skilning tengisamnings Landsvirkjunar og Landsnets og þau ákvæði í almennum skilmálum Landsnets sem taka til slíkra tilvika.

Virðingarfyllt


Ragna Arnadóttir
aðstoðarforstjóri


Jón Sveinsson, hrl.
yfirmaður lögfræðimála